

1855.

5. júní.

25. Brjef innanríkisstjórnarinnar til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um jarðamatið.

Innanríkisstjórnin hefur allraðegnsamlegast borið álitsskjal hins síðasta alþingis um jarðamatsmálið undir Hans Hátign konunginn, og hefur Hans Hátign síðan þóknazt 18. f. m. mildilegast að úrskurða á þessa leið:

Vjer samþykkjum allramildilegast:

1) að frumvarp það, er innanríkisstjórnin hefur samið um það, hvernig framvegis skuli farið með jarðamatið á Íslandi, sje borið undir álit hins næsta alþingis, er haldið verður í sumar.

2) að lengja megi hinn venjulega þingtíma um 8 daga, með því skilyrði ef alþingi að mestu leyti fellst á frumvarpið, og einkum ef það vill sjálft skera úr, hverja hreppa meta skuli upp aptur.

3) að alþingi með sama skilyrði kjósi tvo menn í nefnd þá, er áframhald jarðamatsmálsins skal í hendur fengin, og konungsfulltrúi einn konunglegan embættismann, sem sje vel til þess fallinn og heima í málinu, og skal hann vera þriðji maður í nefndinni og formaður hennar.

4) að nefnd þessi, einnig með því skilyrði að fallizt verði að mestu leyti á frumvarpið, taki undir eins til starfa í þinglok, og búi fyrst og fremst allt undir til þess að hinir einstöku hreppar verði metnir upp aptur.

5) að kostnað þann, sem leiðir af því að meta upp aptur, megi fyrst um sinn greiða af fje því, er stendur í ríkisfjárlögunum til óvissra útgjalda fyrir Ísland, en það skal áskilið seinni ákvörðun Vorri, hvernig endurgjalda skuli fje þetta á sínum tíma.

Um leið og jeg sendi herra amtm. ofan greindan úrskurð til eptirbreytni, vildi jeg einnig þjónustusamlega biðja yður að gjöra svo vel og annast um það, sem við þarf samkvæmt honum, ef að alþingið fellst á öll aðalatriði frumvarpsins, og bæti jeg því við, að stiptamtmaninum á Íslandi er í dag skrifað það er þarf um borgun kostnaðar þess, er leiðir af að meta upp aptur eins og um ræðir í frumvarpinu¹.

¹) Um leið og innanríkisstjórnin s. d. skýrir stiptamtmaninum frá